

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2023

2023/EES/81/05

frá 28. apríl 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2086 frá 5. júlí 2021 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við útfelldum fosfatsöltum og afleiðum sem efnispáttaefniviðaflokkki í ESB-áburðarvörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2087 frá 6. júlí 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við efniviðum úr varmaoxun og afleiðum sem efnispáttaefniviðaflokkki í ESB-áburðarvörur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2088 frá 7. júlí 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við hitasundrunar- og gösunarefniviðum sem efnispáttaefniviðaflokkki í ESB-áburðarvörur ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009) í XIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „— **32021 R 2086:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2086 frá 5. júlí 2021 (Stjtið. L 427, 30.11.2021, bls. 120),
- **32021 R 2087:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2087 frá 6. júlí 2021 (Stjtið. L 427, 30.11.2021, bls. 130),
- **32021 R 2088:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2088 frá 7. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 140).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/2086, (ESB) 2021/2087 og (ESB) 2021/2088, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 120.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 130.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 140.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(⁴) Stjótt. ESB L, 2023/2233, 9.11.2023, og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 3.